

Fóðurflækja (*Vicia sativa*)

Enska; Common Vetch, danska; Foder-Vikke, norska; Fôrvikke, sænska; Fodervicker

Tegundalýsing og kjörlendur

Fóðurflækja er einær jurt með blómum sem sitja stök eða í þörum rétt við blaðfóttinn. Stilkur er grannur og hefur dreifð eða strjál hár sem liggja þétt að honum. Blöðin hafa þrjú til átta smáblöð sem hafa rönd með litlum oddi en oddblaðið eða endablaðið hefur ummyndast í klifurþráð. Flaggblaðið er heilt og hefur oftast glæran, dökkan blett sem inniheldur hunangslög. Blómin eru meðalstór eða frá einum til tveggja cm löng og eru á mjög stuttum stilk frá blaðfæti. Krónublöðin eru rauðfjólublá eða fjólublá með purpurarauða vængi og kjöl. Fræbelgirnir eru annað hvort brúnir með úfnum hárum eða svartleir með hárum sem liggja þétt að þeim. Tegundin er frekar fjölbreytt en svarti bletturinn á flaggblaðinu er einkennandi fyrir tegundina. Tveir ættingjar fóðurflækjunnar vaxa villtir hér á landi en það eru umfeðmingur og giljaflækja.

Fóðurflækja vex hér á landi eingöngu í ræktunarlandi þar sem henni er sáð.



Nýting, uppskeruvæntingar og fóðrunarvirði

Fóðurflækja og mjög skyld tegund loðflækja (*V. villosa*), hafa fram til þessa verið eingöngu ræktaðar í tilraunaskyni hér á landi bæði í bland með höfrum eða byggjum og ertum. Flækja er góð fóðurjurt sem er prótein- og steinefnarík miðað við grastegundir. Fóðrunarvirðið er hátt. Flækjublöndur eru fyrst og fremst ræktaðar sem græn fóður til sláttar og votverkaðar. Tilgangurinn með flækjunum er að auka fóðrunarvirði fóðursins og einnig til að komast af með minni köfnunarefnisáburð sem er sérstaklega mikilvægt í lífrænni ræktun. Gallar flækjunnar eru líkt og hjá öðrum fóðurjurtum af ertublómaætt, ótrygg uppskera en við kjöraðstæður geta ertublöndur gefið 4-6 þurrefnistonn á ha.

Ræktunarleiðbeiningar

Fóðurflækju má rækta í flestum jarðvegsgerðum en þær vaxa best í rökum en vel ræstum steinefnaríkum jarðvegi með hátt syrustig. Í slíkum jarðvegi er köfnunarefnisupptaka belgjurta mest. Þúsund kornþyngdin er 10 - 20 g og ráðlagt sáðmagn því breytilegt. Sáðmagn yrkis (Nitra) sem hér hefur verið notað í tilraunum var 150 kg ha ásamt 50 kg af græn fóðurhöfrum. Sáðbedið á að vera laust við illgresi og vel unnið (plægt, herfað og valtað). Til að tryggja eðlilegan vöxt belgjurta er nauðsynlegt að smita fræið með niturbindandi samlífsbakteríum. Sáðtími ertugræn fóðurs er í maí. Upplýsingar um heppileg yrki er að finna í "Nytjaplöntur á Íslandi" (vefrit LbhÍ og BÍ). Flækjublöndur þurfa lítinn köfnunarefnisáburð (20-40 kg N/ha) en fullan græn fóðurskammt af P og K (sjá Handbók bænda).

